ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 38

19. árgangur

5.7.2012

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2012/EES/38/01 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. nóvember 2010 um viðurkenningu á því að lettneski gagnagrunnurinn yfir nautgripi sé að öllu leyti rekstrarhæfur (Einungis lettneski textinn hefur lagagildi) (2010/692/ESB) . . . 1

2012/EES/38/02 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. október 2010 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Andorra (2010/625/ESB) . . . 2

2012/EES/38/03 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. janúar 2011 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Ísrael að því er varðar vélræna gagnavinnslu persónuupplýsinga (2011/61/ESB). . . . 5

2012/EES/38/04 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/78/ESB frá 20. september 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu *Bacillus thuringiensis subsp. israelensis*, sermigerð H14, stofn AM65-52, við í I. viðauka við hana . . . 9

2012/EES/38/05 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/21/EB frá 23. apríl 2009 um samræmi við kröfur fánaríkis . . . 12

2012/EES/38/06 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/12/EB frá 11. mars 2009 um flugvallargjöld 16

2012/EES/38/07 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2011 um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu (2012/21/ESB) . . . 22

2012/EES/38/08 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu . . . 30

2012/EES/38/09 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 790/2009 frá 10. ágúst 2009 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga reglugerðina að tæknilegum og vísindalegum framförum . . . 102

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2012/EES/38/01**

frá 15. nóvember 2010

um viðurkenningu á því að lettneski gagnagrunnurinn yfir nautgripi sé að öllu leyti rekstrarhæfur (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 7782)

(Einungis lettneski textinn hefur lagagildi)

(2010/692/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 ([1]), einkum b-lið 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 („reglugerðin“) er kveðið á um að aðildarríki sem hafa tölvuvæddan gagnagrunn, sem framkvæmdastjórnin telur að sé að fullu starfhæfur, geti ákveðið að gefa einungis út vegabréf fyrir dýr sem eru ætluð til viðskipta innan Sambandsins og að vegabréf skuli einungis fylgja þeim dýrum þegar þau eru flutt frá yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem um ræðir til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis.

2) Lettland hefur lagt fram beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um viðurkenningu á því að gagnagrunnurinn, sem er hluti af lettneska kerfinu til auðkenningar og skráningar á nautgripum, sé að fullu rekstrarhæfur samkvæmt reglugerðinni. Lettnesk yfirvöld hafa einnig lagt fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi upplýsingar um að gagnagrunnurinn samrýmist ákvæðum 5. gr. reglugerðarinnar.

3) Framkvæmdastjórnin rannsakaði upplýsingarnar sem lettnesk yfirvöld lögðu fram og taldi, eftir skoðun, að beiðnin væri rökstudd á fullnægjandi hátt með fyrirvara um ákveðna aðlögun sem lettnesk yfirvöld skuldbundu sig til að ljúka fyrir 30. september 2010.

4) Lettnesk yfirvöld staðfestu fyrir 1. október 2010 að viðbótarráðstafanir hefðu verið gerðar til að tryggja að sá frestur sem mælt er fyrir um í reglugerðinni varðandi tilkynningu viðburða sé virtur, að óskiladýr séu leituð uppi og þeim fylgt eftir og að vegabréf sem fylgja dýrum frá öðrum aðildarríkjum skili sér til lögbærs yfirvalds við komu.

5) Í ljósi þess sem að framan greinir er rétt að viðurkenna lettneska gagnagrunninn fyrir nautgripi sem rekstrarhæfan að öllu leyti frá og með 1. október 2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lettneski gagnagrunnurinn fyrir nautgripi er viðurkenndur sem rekstrarhæfur að öllu leyti frá 1. október 2010.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Lýðveldisins Lettlands.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

John DALLI

framkvæmdastjóri

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 299, 17.11.2010, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 4.

([1]) Stjtíð. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2012/EES/38/02**

frá 19. október 2010

samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd (*) persónuupplýsinga í Andorra

(tilkynnt með númeri C(2010) 7084)

(2010/625/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB er þess krafist að aðildarríkin sjái til þess að aðeins megi flytja persónuupplýsingar til þriðja lands ef það land tryggir fullnægjandi vernd og að farið hafi verið að lögum aðildarríkisins við framkvæmd annarra ákvæða tilskipunarinnar áður en flutningurinn á sér stað.

2) Framkvæmdastjórnin kann að komast að þeirri niðurstöðu að þriðja land tryggi fullnægjandi vernd. Sé svo er heimilt að flytja persónuupplýsingar frá aðildarríkinu án þess að frekari tryggingar sé krafist.

3) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skal meta gagnavernd með hliðsjón af öllum kringumstæðum sem hafa áhrif á gagnaflutningsaðgerð eða röð gagnaflutningsaðgerða, einkum með tilliti til nokkurra þátta sem skipta máli varðandi flutninginn og skráðir eru í 25. gr. tilskipunarinnar.

4) Í ljósi þess hve ólíkar leiðir eru farnar að gagnavernd í þriðju löndum skal fara fram mat á fullnægjandi vernd og allar ákvarðanir, sem eru byggðar á 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, skulu teknar og þeim framfylgt á þann hátt að það hafi hvorki í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun gegn eða á milli þriðju landa þar sem skilyrði eru svipuð né myndi dulbúnar viðskiptahindranir, að teknu tilliti til skuldbindinga Evrópusambandsins á alþjóðavettvangi.

5) Andorra er þingræðislegt furstadæmi þar sem forseti Frakklands og erkibiskupinn af Urgell gegna saman stöðu þjóðhöfðingja.

6) Réttur til friðhelgi einkalífs er tryggður í 14 gr. stjórnarskrár Furstadæmisins Andorra (*Constitució del Principat d'Andorra*), eins og hún var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu 14. mars 1993.

7) Lagareglur um vernd persónuupplýsinga í Andorra eru að miklu leyti byggðar á reglum sem settar eru fram í tilskipun 95/46/EB og mælt er fyrir um í lögum 15/2003 frá 18. desember um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (*Llei qualificada de protecció de dades personals*). Þessi löggjöf um gagnavernd er enn fremur studd af tilskipun frá 1. júlí 2004 þar sem komið var á fót opinberri skrá til innfærslu persónuupplýsinga og af tilskipun frá 9. júní 2010 þar sem reglur gagnaverndareftirlits Andorra eru samþykktar. Í síðari gerningnum eru skýrð ýmis atriði sem starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB, vakti máls á í áliti sínu frá 1. desember 2009 ([2]).

8) Gagnaverndarákvæði er einnig að finna í fjölmörgum lagagerningum sem varða reglusetningu á mismunandi sviðum s.s. löggjöf fyrir fjármálageirann, heilbrigðisreglugerðir og opinberar skrár.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 26.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

([2]) Álit 7/2009 frá 1. desember 2009, má nálgast á vefsetrinu: http://ec.europa.eu/justice_home/fsj/privacy/docs/wpdocs/2009/wp166_en.pdf

9) Andorra hefur fullgilt samning Evrópuráðsins um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá 28. janúar 1981 og viðbótarbókun við samninginn um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga að því er varðar eftirlitsyfirvöld og gagnasendingar yfir landamæri frá 8. nóvember 2001 auk Evrópusáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, sem hefur verið í gildi í Andorra frá 22. janúar 1996, og samnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 16. desember 1966, sem hefur verið í gildi í Andorra frá 19. júlí 2006.

10) Gildandi lagareglur um gagnavernd í Andorra ná yfir allar þær grundvallarreglur sem eru nauðsynlegar til að veita einstaklingum fullnægjandi vernd og í þeim er einnig kveðið á um undanþágur og takmarkanir til að vernda mikilvæga hagsmuni almennings. Með stjórnsýslu- og lagaúrræðum er tryggt að þessum lagareglum um gagnavernd sé beitt og einnig með óháðu eftirliti sem eftirlitsyfirvöld, gagnaverndaryfirvöld Andorra, annast en þau hafa vald til rannsókna og íhlutunar og starfa algjörlega sjálfstætt.

11) Gagnaverndaryfirvöld Andorra hafa lagt fram útskýringar og tryggingar fyrir því hvernig beri að túlka lög Andorra, og hafa lagt fram tryggingar fyrir því að löggjöf um gagnavernd í Andorra sé beitt í samræmi við slíka túlkun. Ákvörðun þessi tekur mið af þessum útskýringum og tryggingum og er því háð þeim.

12) Andorra skal því teljast veita fullnægjandi vernd persónuupplýsinga eins og um getur í tilskipun 95/46/EB.

13) Til að tryggja gagnsæi, og til að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum kleift að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um þá, er nauðsynlegt að tilgreina undantekningartilvik þar sem réttlætanlegt er að stöðva tímabundið tilteknar gagnasendingar þrátt fyrir að vernd sé talin fullnægjandi.

14) Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur skilað jákvæðu áliti um að vernd persónuupplýsinga sé fullnægjandi og tekið hefur verið tillit til þess við gerð þessarar ákvörðunar ([3]). Í jákvæðu áliti sínu hefur starfshópurinn hvatt yfirvöld Andorra í því viðvarandi ferli að samþykkja fleiri ákvæði sem munu rýmka beitingu löggjafar Andorra þannig að hún taki til ákvarðana sem teknar eru með rafrænum aðferðum í einstökum tilvikum þar sem slíkt er, eins og sakir standa, ekki viðurkennt á skýran hátt samkvæmt lögum Andorra um vernd persónuupplýsinga.

([3]) Álit 7/2009 frá 1. desember 2009, má nálgast á vefsetrinu: http://ec.europa.eu/justice_home/fsj/privacy/docs/wpdocs/2009/wp166_en.pdf

15) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Með tilliti til 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB telst Andorra tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem sendar eru frá Evrópusambandinu.

2. gr.

Þessi ákvörðun varðar það hvort veitt sé fullnægjandi vernd í Andorra með tilliti til þess að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og hefur ekki áhrif á önnur skilyrði eða takmarkanir við framkvæmd annarra ákvæða þeirrar tilskipunar sem snerta vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum.

3. gr.

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geta, án þess að það hafi áhrif á heimild þeirra til að grípa til aðgerða til að tryggja að farið sé að ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt öðrum ákvæðum tilskipunar 95/46/EB en 25. gr., beitt valdi sínu til að stöðva tímabundið gagnasendingar til viðtakanda í Andorra í því skyni að vernda einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga um þá í eftirfarandi tilvikum:

a) þar sem lögbær yfirvöld í Andorra hafa ákvarðað að viðtakandi brjóti gildandi reglur um vernd eða

b) þar sem verulegar líkur eru á því að reglur um vernd séu brotnar, gild ástæða sé til að ætla að lögbært yfirvald í Andorra geri ekki eða muni ekki gera nægilegar ráðstafanir í tæka tíð til að leysa málið sem um er að ræða, áframhaldandi gagnaflutningur mundi stofna hinum skráðu í hættu á að skaðast alvarlega og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa gert verulegt átak í málinu til að veita þeim aðila viðvörun sem ber ábyrgð á vinnslunni og hefur staðfestu í Andorra og veitt honum tækifæri til andsvara.

2. Tímabundinni stöðvun skal aflétt jafnskjótt og tryggt er að farið sé að reglum um vernd og viðkomandi lögbær yfirvöld aðildarríkjanna sem hlut eiga að máli hafa verið látin vita af því.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli 3. gr.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem tryggja skulu samræmi við reglur um vernd í Andorra, tryggja ekki slíkt samræmi.

3. Ef upplýsingarnar, sem er aflað skv. 3. gr. og skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, leiða í ljós að einhver aðili, sem ber ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Andorra, gegnir ekki hlutverki sínu á skilvirkan hátt skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru yfirvaldi í Andorra um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fresta gildistöku þessarar ákvörðunar eða takmarka gildissvið hennar.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með framkvæmd þessarar ákvörðunar og greina nefndinni, sem var komið á fót skv. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB, frá öllum niðurstöðum þar að lútandi, þar á meðal öllum gögnum sem geta haft áhrif á þá niðurstöðu í 1. gr. þessarar ákvörðunar að vernd í Andorra sé fullnægjandi í skilningi 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og öllum tilvikum þar sem framkvæmd þessarar ákvörðunar hefur haft mismunum í för með sér.

6. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 1. janúar 2011.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. október 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Viviane Reding

varaforseti

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2012/EES/38/03**

frá 31. janúar 2011

samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Ísrael að því er varðar vélræna gagnavinnslu persónuupplýsinga (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 332)

(2011/61/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB er þess krafist að aðildarríkin sjái til þess að aðeins megi flytja persónuupplýsingar til þriðja lands ef það land tryggir fullnægjandi vernd og að farið hafi verið að lögum aðildarríkisins við framkvæmd annarra ákvæða tilskipunarinnar áður en flutningurinn á sér stað.

2) Framkvæmdastjórnin kann að komast að þeirri niðurstöðu að þriðja land tryggi fullnægjandi vernd. Sé svo er heimilt að flytja persónuupplýsingar frá aðildarríkinu án þess að frekari tryggingar sé krafist.

3) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skal meta gagnavernd með hliðsjón af öllum kringumstæðum sem hafa áhrif á gagnaflutningsaðgerð eða röð gagnaflutningsaðgerða, einkum með tilliti til nokkurra þátta sem skipta máli varðandi flutninginn og skráðir eru í 25. gr. tilskipunarinnar.

4) Í ljósi þess hve ólíkar leiðir eru farnar að gagnavernd í þriðju löndum skal fara fram mat á fullnægjandi vernd og allar ákvarðanir, sem eru byggðar á 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, skulu teknar og þeim framfylgt á þann hátt að það hafi hvorki í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun gegn eða á milli þriðju landa þar sem skilyrði eru svipuð né myndi dulbúnar viðskiptahindranir, að teknu tilliti til skuldbindinga Evrópusambandsins á alþjóðavettvangi.

5) Réttarkerfi Ísraelsríkis hefur enga ritaða stjórnarskrá en Hæstiréttur Ísraelsríkis hefur veitt tilteknum „grundvallarlögum“ stöðu stjórnskipunarlaga. Umfangsmikil dómaframkvæmd er þessum grundvallarlögum til fyllingar þar sem meginreglum fordæmisréttar er að miklu leyti fylgt í réttarkerfi Ísraelsríkis. Réttur til friðhelgi einkalífs fellur undir 7. lið grundvallarlaganna um mannlega reisn og frelsi.

6) Lagareglur um vernd persónuupplýsinga í Ísrael eru að miklu leyti byggðar á reglum sem settar eru fram í tilskipun 95/46/EB og mælt er fyrir um í lögum 5741-1981 um friðhelgi einkalífs (e. *Privacy Protection Act 5741-1981)* sem var síðast breytt árið 2007 til þess að koma á nýjum kröfum í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og ítarlegt skipulag eftirlitsyfirvaldsins.

7) Löggjöfin um gagnavernd er enn fremur studd af ákvörðunum stjórnvalda um framkvæmd laga 5741-1981 um friðhelgi einkalífs og um skipulag og starfsemi eftirlitsyfirvaldsins, sem byggjast að miklu leyti á tilmælum sem sett eru fram í skýrslunni (Schoffman-skýrslunni), sem nefndin sem rannsakar löggjöf um gagnagrunna gerði fyrir dómsmálaráðuneytið.

8) Gagnaverndarákvæði er einnig að finna í fjölmörgum lagagerningum sem varða reglusetningu á mismunandi sviðum s.s. löggjöf fyrir fjármálageirann, heilbrigðisreglugerðir og opinberar skrár.

9) Þær lagareglur um gagnavernd sem við eiga í Ísrael ná yfir allar grundvallarreglur sem eru nauðsynlegar til að tryggja fullnægjandi vernd einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga í vélrænum gagnagrunnum.

   Ákvæði 2. kafla úr lögum 5741-1981 um friðhelgi einkalífs, þar sem mælt er fyrir um meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga, gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga í gagnagrunnum sem ekki eru vélrænir (handskráðir gagnagrunnar).

10) Með stjórnsýslu- og dómsúrræðum er tryggt að þessum lagareglum um gagnavernd sé beitt og einnig með óháðu eftirliti sem yfirvöldin annast, t.d. hafa laga-, upplýsinga- og tækniyfirvöld Ísraels (e. *Israeli Law, Information and Technology Authority*) vald til rannsókna og íhlutunar og starfa algjörlega sjálfstætt.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 27, 1.2.2011, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 27.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

11) Gagnaverndaryfirvöld Ísraels hafa lagt fram útskýringar og tryggingar fyrir því hvernig beri að túlka lög Ísraels og hafa lagt fram tryggingar fyrir því að löggjöf Ísraels um gagnavernd sé beitt í samræmi við slíka túlkun. Ákvörðun þessi tekur mið af þessum útskýringum og tryggingum og er því háð þeim.

12) Ísrael skal því teljast veita fullnægjandi vernd á persónuupplýsingum, eins og um getur í tilskipun 95/46/EB, með tilliti til vélrænna, alþjóðlegra flutninga á persónuupplýsingum frá Evrópusambandinu til Ísraels og gildir þetta einnig um flutninga sem ekki eru vélrænir þegar frekari vélræn gagnavinnsla fer fram í Ísrael. Á hinn bóginn nær þessi ákvörðun ekki yfir alþjóðlega flutninga persónuupplýsinga frá Evrópusambandinu til Ísraels þegar sjálfur flutningurinn og síðari gagnavinnsla fer eingöngu fram með hætti sem ekki er vélrænn.

13) Til að tryggja gagnsæi, og til að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum kleift að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um þá er nauðsynlegt að tilgreina undantekningartilvik þar sem réttlætanlegt er að stöðva tímabundið tilteknar gagnasendingar þrátt fyrir að vernd sé talin fullnægjandi.

14) Þær niðurstöður um fullnægjandi vernd sem lúta að þessari ákvörðun vísa til Ísraels, eins og það er skilgreint samkvæmt þjóðarétti. Frekari framsendingar til viðtakanda utan Ísraels, eins og það er skilgreint samkvæmt þjóðarétti, skulu taldar flutningur persónuupplýsinga til þriðja lands.

15) Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB hefur skilað jákvæðu áliti um að vernd persónuupplýsinga sé fullnægjandi með tilliti til vélrænna alþjóðlegra flutninga persónuupplýsinga frá Evrópusambandinu eða, þegar sjálfir flutningarnir eru ekki vélrænir séu þeir háðir frekari vélrænni vinnslu í Ísrael. Í jákvæðu áliti sínu hefur starfshópurinn hvatt yfirvöld Ísraels til þess að samþykkja frekari ákvæði til að rýmka beitingu löggjafar Ísraels þannig að hún nái til handskráðra gagnagrunna, til að viðurkenna, á skýran hátt, beitingu meðalhófsreglunnar á vinnslu persónuupplýsinga í einkageiranum og til að túlka undanþágur í alþjóðlegum gagnaflutningum í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í „vinnuskjali um sameiginlega túlkun á 1. mgr. 26. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB“ ([2]). Tekið hefur verið mið af þessu áliti við undirbúning þessarar ákvörðunar ([3]).

16) Nefndin, sem komið var á fót skv. 1. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB, skilaði ekki áliti innan þeirra tímamarka sem formaðurinn mælti fyrir um.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Að því er varðar 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB er litið svo á að Ísrael veiti fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem fluttar eru frá Evrópusambandinu í tengslum við vélrænan alþjóðlegan flutning persónuupplýsinga frá Evrópusambandinu eða, þar sem flutningarnir sjálfir eru ekki vélrænir séu þeir háðir frekari vélrænni vinnslu í Ísrael.

2. Lögbært eftirlitsyfirvald Ísraels sem ber ábyrgð á beitingu lagareglna um gagnavernd í Ísraels er „laga-, upplýsinga- og tækniyfirvald Ísraels“ sem um getur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

1. Þessi ákvörðun varðar eingöngu það hvort veitt sé fullnægjandi vernd í Ísrael, eins og það er skilgreint samkvæmt þjóðarétti, með tilliti til þess að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og hefur ekki áhrif á önnur skilyrði eða takmarkanir við framkvæmd annarra ákvæða þeirrar tilskipunar sem snerta vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum.

2. Þessi ákvörðun gildir samkvæmt þjóðarétti. Hún hefur ekki áhrif á stöðu Gólanhæða, Gaza-svæðisins og Vesturbakkans, þ.m.t. Austur-Jerúsalem, samkvæmt skilmálum þjóðaréttar.

3. gr.

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geta, án þess að það hafi áhrif á heimild þeirra til að grípa til aðgerða til að tryggja að farið sé að ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt öðrum ákvæðum tilskipunar 95/46/EB en 25. gr., beitt valdi sínu til að stöðva tímabundið gagnasendingar til viðtakanda í Ísrael, í því skyni að vernda einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga um þá í eftirfarandi tilvikum:

a) þar sem lögbær yfirvöld í Ísrael hafa ákvarðað að viðtakandi brjóti gildandi reglur um vernd eða

([2]) Skjal WP114 frá 25. nóvember 2005. Má nálgast á vefsetrinu: http://ec.europa.eu/justice_home/fsj/privacy/docs/wpdocs/2005/wp114_en.pdf

([3]) Álit nr. 6/2009/EB um vernd persónuupplýsinga í Ísrael, Má nálgast á vefsetrinu: http://ec.europa.eu/justice_home/fsj/privacy/docs/wpdocs/2009/wp165_en.pdf

b) þar sem verulegar líkur eru á því að reglur um vernd séu brotnar, gild ástæða sé til að ætla að lögbært yfirvald í Ísrael geri ekki eða muni ekki gera nægilegar ráðstafanir í tæka tíð til að leysa málið sem um er að ræða, áframhaldandi gagnaflutningur mundi stofna hinum skráðu í hættu á að skaðast alvarlega og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa gert verulegt átak í málinu til að veita þeim aðila viðvörun sem ber ábyrgð á vinnslunni og hefur staðfestu í Ísrael og veitt honum tækifæri til andsvara.

2. Tímabundinni stöðvun skal aflétt jafnskjótt og tryggt er að farið sé að reglum um vernd og viðkomandi lögbær yfirvöld aðildarríkjanna sem hlut eiga að máli hafa verið látin vita af því.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli 3. gr.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem tryggja skulu samræmi við reglur um vernd í Ísrael, tryggja ekki slíkt samræmi.

3. Ef upplýsingarnar, sem er aflað skv. 3. gr. og skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, leiða í ljós að einhver aðili, sem ber ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Ísrael, gegnir ekki hlutverki sínu á skilvirkan hátt skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru yfirvaldi í Ísrael um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fresta gildistöku þessarar ákvörðunar eða takmarka gildissvið hennar.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með framkvæmd þessarar ákvörðunar og greina nefndinni, sem var komið á fót skv. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB, frá öllum niðurstöðum þar að lútandi, þar á meðal öllum gögnum sem geta haft áhrif á þá niðurstöðu í 1. gr. þessarar ákvörðunar að vernd í Ísrael sé fullnægjandi í skilningi 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og öllum tilvikum þar sem framkvæmd þessarar ákvörðunar hefur haft mismunun í för með sér. Einkum, skal hún fylgjast með vinnslu persónuupplýsinga í handskráðum gagnagrunnum.

6. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt var um hana.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. janúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Viviane Reding

varaforseti

VIÐAUKI

Lögbæra eftirlitsyfirvaldið sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar:

The Israeli Law, Information and Technology Authority

The Government Campus

9th floor

125 Begin Rd

Tel Aviv

Israel

Póstfang:

PO Box 7360

Tel Aviv, 61072

Sími +972-3-7634050

Símbréfanr. +972-2-6467064

Tölvupóstfang: ILITA@justice.gov.il

Heimasíða: http://www.justice.gov.il/MOJEng/RashutTech/default.htm

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/78/ESB **2012/EES/38/04**

frá 20. september 2011

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu *Bacillus thuringiensis* subsp. *israelensis,* sermigerð H14, stofn AM65-52, við í I. viðauka við hana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([1]), einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir *Bacillus thuringiensis* subsp. *israelensis*, sermigerð H14.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007, hefur *Bacillus thuringiensis* subsp. *israelensis*, sermigerð H14, stofn AM65-52 verið metið í samræmi við 2. mgr. 11 gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í sæfiefnaflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun. Mat á *Bacillus thuringiensis* subsp. *israelensis*, sermigerð H14, stofni SA3A, stendur enn yfir að því er varðar notkun í þeim sæfiefnaflokki.

3) Ítalía var tilnefnd sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 11. júlí 2008 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfiefni 6. maí 2011.

5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfiefni, sem eru notuð sem skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum og innihalda *Bacillus thuringiensis* subsp. *israelensis*, sermigerð H14, stofn AM65-52, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Því er rétt að færa *Bacillus thuringiensis* subsp. *israelensis*, sermigerð H14, stofn AM65-52, á skrá í I. viðauka við þá tilskipun.

6) Ekki hefur verið tekin afstaða til allrar hugsanlegrar notkunar á vettvangi Evrópusambandsins. Það er því viðeigandi að aðildarríkin meti þessa notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þessa áhættu fyrir þá hópa manna og þau umhverfishólf sem ekki fengu tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, og við veitingu leyfis fyrir sæfiefnum skulu þau sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði sett til að draga úr tilgreindri áhættu svo að viðunandi teljist.

7) Í ljósi mögulegrar áhættu sem er tilgreind við notkun í atvinnuskyni án persónuhlífa er rétt að krefjast þess að sæfiefni, sem ætluð eru til notkunar í atvinnuskyni, séu aðeins leyfð til notkunar með viðeigandi persónuhlífum, nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfiefninu að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu fyrir notendur sem nota efnið í atvinnuskyni þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una.

8) Í ljósi mögulegra, óbeinna váhrifa á menn af völdum neyslu á matvælum sem verða vegna þeirrar notkunar sem tekin er fram í matinu er rétt að krefjast þess, þar sem við á, að gengið sé úr skugga um hvort þörf sé á fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004([3]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE([4]). Samþykkja skal ráðstafanir til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

9) Ákvæðum þessarar tilskipunar skal beitt á sama tíma í öllum aðildarríkjum til að tryggja jafna meðferð fyrir sæfiefni, sem innihalda virka efnið *Bacillus thuringiensis* subsp. *israelensis* sermigerð H14, stofn AM65-52, á markaði Sambandsins og einnig til að greiða fyrir því að markaðurinn fyrir sæfiefni starfi rétt.

10) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast og til að tryggja að umsækjendur, sem hafa tekið saman málsskjöl, geti notið til fulls ávinnings af tíu ára gagnaverndartímabilinu sem hefst á skráningardegi í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/8/EB.

11) Að lokinni færslu á skrá skal veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að hrinda í framkvæmd 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB.

12) Því ber að breyta tilskipun 98/8/EB til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfiefni.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 98/8/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 2012.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. október 2013.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. september 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

([3]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.
([4]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB:

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarks-hreinleiki virks efnis í sæfiefninu við setningu á markað	Dagsetning færslu á skrá	Lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. (nema um sé að ræða sæfiefni sem innihalda fleiri en eitt virkt efni en þá er lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá dagur sem tilgreindur er í síðustu ákvörðuninni um að færa á skrá sem varðar virku efnin)	Færsla á skrá gildir til og með	Sæfiefna-flokkur	Sértæk ákvæði ([1])
„46	*Bacillus thuringiensis* subsp. *israelensis* sermigerð H14, stofn AM65-52	Á ekki við.	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. október 2013	30. september 2015	30. september 2023	18	Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir sæfiefni í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekið sæfiefni, þá notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir þá hópa manna og þau umhverfishólf sem ekki fengu tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Við notkun á sæfiefnum, sem eru leyfð til notkunar í atvinnuskyni, skal nota viðeigandi persónuhlífar nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfiefninu að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu fyrir notendur sem nota efnið í atvinnuskyni þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una. Þegar um er að ræða sæfiefni sem innihalda *Bacillus thuringiensis* subsp. *israelensis* sermigerð H14, stofn AM65-52, sem getur leitt af sér efnaleifar í matvælum eða fóðri, skulu aðildarríkin ganga úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný eða breyta gildandi hámarksgildum leifa í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009 eða reglugerð (EB) nr. 396/2005 og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu sem tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.“

([1]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/21/EB 2012/EES/38/05

frá 23. apríl 2009

um samræmi við kröfur fánaríkis (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ávallt skal tryggja öryggi sjóflutninga innan Bandalagsins og borgaranna, sem nýta sér þá, svo og vernd umhverfisins.

2) Að því er varðar alþjóðasjóflutninga hefur verið settur heildarrammi til að auka siglingaöryggi og umhverfisvernd að því er varðar mengun frá skipum með því að samþykkja fjölmarga samninga eða samþykktir þar sem Alþjóðasiglingamálstofnunin (IMO) er vörsluaðili.

3) Samkvæmt ákvæðum hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna (UNCLOS) frá 1982 og samninganna eða samþykktanna sem Alþjóðasiglingamálastofnunin er vörsluaðili að, bera ríkin, sem eru aðilar að þessum gerningum, ábyrgð á að móta lög og reglur og að gera allar aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að þessi ákvæði komist að fullu til framkvæmda til að tryggja, með tilliti til öryggis mannslífa á hafinu og verndunar sjávarumhverfis, að skip henti þeim rekstri sem því er ætlað í og sé mannað hæfum sjómönnum.

4) Taka ber tilhlýðilegt tillit til samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, sem Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) samþykkti 2006, þar sem einnig er fjallað um skyldur sem tengjast fánaríkjum.

5) Hinn 9. október 2008 samþykktu aðildarríkin yfirlýsingu þar sem þau viðurkenndu með samhljóða samþykki mikilvægi þess að beita alþjóðasamningum eða alþjóðasamþykktum sem tengjast skyldum fánaríkja í því skyni að auka siglingaöryggi og stuðla að því að koma í veg fyrir mengun frá skipum.

6) Framkvæmd verklagsreglnanna, sem Alþjóðasiglinga-málastofnunin mælir með í MSC/Circ.1140/MEPC/Circ.424 frá 20. desember 2004 um yfirfærslu skipa milli ríkja, skal styrkja ákvæði samninga eða samþykkta Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og löggjafar Bandalagsins um siglingaöryggi sem tengjast fánaskiptum og auka gagnsæi samskipta á milli fánaríkja í þágu siglingaöryggis.

7) Aðgengi að upplýsingum um skip sem sigla undir fána aðildarríkis, auk skipa sem hafa verið afskráð af skipaskrá aðildarríkis, skulu auka gagnsæi frammistöðu hágæðaflota og stuðla að betra eftirliti með fánaríkisskyldum ásamt því að tryggja að jöfn samkeppnisskilyrði ríki milli stjórnvalda.

8) Í því skyni að aðstoða aðildarríkin við að bæta enn frekar frammistöðu sína sem fánaríki skulu þau láta fara fram reglulegar úttektir á stjórnvöldum sínum.

9) Gæðavottun á verklagsreglum stjórnvalda í samræmi við staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) eða sambærilega staðla skulu tryggja enn frekar að jöfn samkeppnisskilyrði ríki milli stjórnvalda.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 132. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 195.

([2]) Stjtíð. ESB C 229, 22.9.2006, bls. 38.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 29. mars 2007 (Stjtíð. ESB C 27 E, 31.1.2008, bls. 140), sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. desember 2008 (Stjtíð. ESB C 330 E, 30.12.2008, bls. 13) og afstaða Evrópuþingsins frá 11. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

10) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([4]).

11) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að innleiða og framkvæma viðeigandi ráðstafanir varðandi stefnumótun á sviði sjóflutninga, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna umfangs og áhrifa þeirra, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra í þessari tilskipun en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA

1. gr.

Efni

1. Markmiðið með þessari tilskipun er:

a) að tryggja að aðildarríkin sinni skyldum sínum sem fánaríki með árangursríkum og samræmdum hætti og

b) að auka öryggi og koma í veg fyrir mengun frá skipum sem sigla undir fána aðildarríkis.

2. Þessi tilskipun er með fyrirvara um siglingalöggjöf Bandalagsins sem tilgreind er í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) ([5]) og um tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST) ([6]).

2. gr.

Gildissvið

Þessi tilskipun gildir um stjórnvöld ríkisins sem veitir skipinu rétt til að sigla undir fána sínum.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skip“: skip eða far sem siglir undir fána aðildarríkis og fellur undir gildissvið viðeigandi samninga eða samþykkta Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar þar sem skírteina er krafist,

b) „stjórnvöld“: lögbær yfirvöld aðildarríkisins sem veitir skipinu rétt til að sigla undir fána sínum,

c) „viðurkennd stofnun“: stofnun viðurkennd í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla um stofnanir sem sjá um skipaskoðun og skipaeftirlit (endurútgefin) ([7]),

d) „skírteini“: lögboðin skírteini sem gefin eru út í tengslum við viðkomandi samninga eða samþykktir Alþjóðasiglinga málastofnunarinnar,

e) „úttekt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar“: úttekt sem fer fram í samræmi við ákvæði ályktunar A.974(24) sem þing Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samþykkti 1. desember 2005.

4. gr.

Skilyrði fyrir því að skip fái heimild til starfrækslu þegar það öðlast rétt til að sigla undir fána aðildarríkis

1. Áður en skip, sem hefur öðlast rétt til að sigla undir fána aðildarríkis, fær heimild til starfrækslu skal hlutaðeigandi aðildarríki gera þær ráðstafanir sem það telur viðeigandi til að tryggja að viðkomandi skip uppfylli gildandi alþjóðlegar reglur og reglugerðir. Það skal einkum rannsaka öryggisskrár skipsins með öllum eðlilegum ráðum. Það skal, ef nauðsyn krefur, hafa samráð við fyrra fánaríkið til að fá það staðfest hvort einhverjir útistandandi annmarkar eða öryggismál, sem hið síðarnefnda kann að hafa greint, séu ófrágengin.

2. Óski annað fánaríki eftir upplýsingum um skip sem sigldi áður undir fána aðildarríkis skal það aðildarríki veita fyrrnefnda fánaríkinu þegar í stað upplýsingar um útistandandi annmarka og hvers konar aðrar viðeigandi upplýsingar um mál tengd öryggi.

([4]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([5]) Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 167, 2.7.1999, bls. 33.
([7]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

5. gr.

Farbann á skip sem siglir undir fána aðildarríkis

Þegar stjórnvald er upplýst um það að hafnarríki hafi lagt farbann á skip sem siglir undir fána hlutaðeigandi aðildarríkis skal það, samkvæmt verklagsreglum sem það hefur sett í þessu skyni, sjá til þess að skipið verði látið uppfylla viðkomandi samninga eða samþykktir Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

6. gr.

Hliðarráðstafanir

Aðildarríki skulu tryggja að a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um skip, sem sigla undir fána þeirra, séu varðveittar og vel aðgengilegar að því er varðar þessa tilskipun:

a) upplýsingar um skipið (nafn, IMO-númer, o.s.frv.),

b) dagsetningar skoðana, þ.m.t. viðbótar- og aukaskoðanir, ef einhverjar eru, og úttekta,

c) nafn á viðurkenndum stofnunum sem hafa tekið þátt í að gefa út skírteini og flokka skipið,

d) nafn á lögbæra yfirvaldinu sem hefur skoðað skipið samkvæmt ákvæðum um hafnarríkiseftirlit og dagsetningar skoðananna,

e) niðurstaða hafnarríkiseftirlitsskoðana (annmarkar: já eða nei, farbann: já eða nei),

f) upplýsingar um sjóslys,

g) nöfn á skipum sem hafa hætt að sigla undir fána hlutaðeigandi aðildarríkis á næstliðnum 12 mánuðum.

7. gr.

Ferill fánaríkis við úttektir

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir varðandi úttekt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar á stjórnvaldi þeirra a.m.k. einu sinni á sjö ára fresti, með fyrirvara um jákvætt svar frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni við tímanlegri beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis, og skulu birta niðurstöður úttektarinnar í samræmi við viðeigandi landslög um trúnaðarkvöð.

Þessi grein fellur úr gildi eigi síðar en 17. júní 2017 eða fyrr, eins og framkvæmdastjórnin ákvarðaði í samræmi við reglunefndarmeðferðina,sem um getur í 2. mgr. 10. gr., hafi lögbundið úttektarkerfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir aðildarríkin öðlast gildi.

8. gr.

Gæðastjórnunarkerfi og innra mat

1. Eigi síðar en 17. júní 2012 skal hvert aðildarríki þróa, hrinda í framkvæmd og viðhalda gæðastjórnunarkerfi fyrir þá hluta rekstursins sem tengjast fánaríkisverkefnum stjórnvalds þess. Slíkt gæðastjórnunarkerfi skal vera vottað í samræmi við gildandi alþjóðlega gæðastaðla.

2. Aðildarríki sem færð eru á svarta listann eða sem höfð eru á gráa listanum, sem birtur er í nýjustu ársskýrslu Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit (hér á eftir nefnt Parísarsamkomulagið (MOU)), tvö ár í röð skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslu um frammistöðu fánaríkja sinna eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að skýrsla Parísarsamkomulagsins er birt.

Í skýrslunni skal tilgreina og lýsa helstu ástæðum þess ósamræmis sem hafði í för með sér farbönn og annmarka og leiddi til þess að skipið var fært á svarta eða gráa listann.

9. gr.

Skýrslur

Framkvæmdastjórnin leggur skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar á fimm ára fresti og í fyrsta sinn eigi síðar en 17. júní 2012.

Í þessari skýrslu skal vera mat á frammistöðu aðildarríkjanna sem fánaríki.

10. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem komið var á fót með ákvæðum 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

11. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 17. júní 2011. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

12. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

13. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg, 23. apríl 2009

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	P. NEČAS
forseti	*forseti*

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/12/EB 2012/EES/38/06

frá 11. mars 2009

um flugvallargjöld (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVROPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Helstu verkefni flugvalla og viðskiptastarfsemi þeirra eru afgreiðsla loftfara frá lendingu til flugtaks og afgreiðsla farþega og farms til að gera flugrekendum kleift að veita flutningaþjónustu í lofti. Því bjóða flugvellir upp á margvíslega aðstöðu og þjónustu sem tengist starfrækslu loftfara og innritun farþega og farms en flugvellirnir endurheimta yfirleitt kostnaðinn af slíku með flugvallargjöldum. Framkvæmdastjórnir flugvalla sem bjóða upp á aðstöðu og þjónustu, sem flugvallargjöld eru lögð á, skulu leitast við að starfa með kostnaðarhagkvæmni að leiðarljósi.

2) Nauðsynlegt er að setja sameiginlegan regluramma um frumþætti flugvallargjalda og hvernig þau eru ákvörðuð því ef slíkur rammi er ekki til staðar er hætta á því að grunnkröfum er varða tengslin milli framkvæmdastjórna flugvalla og flugvallarnotenda verði ekki fullnægt. Slíkur rammi skal ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkis til að ákvarða hvort og að hvaða marki megi taka tillit til tekna af viðskiptastarfsemi flugvallar við útreikning á flugvallargjöldum.

3) Þessi tilskipun gildir um flugvelli sem eru staðsettir í Bandalaginu og eru yfir tiltekinni lágmarksstærð þar eð ekki er þörf á að beita rammaákvæðum Bandalagsins við rekstur og fjármögnun lítilla flugvalla.

4) Í aðildarríki þar sem enginn flugvöllur er yfir þeirri lágmarksstærð sem krafist er fyrir beitingu þessarar tilskipunar nýtur sá flugvöllur sem hefur mestan farþegafjölda þeirrar sérstöðu að vera komustaður í því aðildarríki og því er nauðsynlegt að beita þessari tilskipun á þann flugvöll til að tryggja að tilteknar grundvallarreglur séu virtar að því er varðar tengslin milli framkvæmdastjórnar flugvallar og flugvallarnotenda, einkum með tilliti til gagnsæi gjalda og banni við mismunun flugvallarnotenda.

5) Til að efla samheldni milli svæða skulu aðildarríki hafa þann möguleika að nota sameiginlegt gjaldtökukerfi sem á að ná yfir kerfi flugvalla. Efnahagslegur flutningur milli flugvalla innan slíkra kerfa skal vera í samræmi við lög Bandalagsins.

6) Hvað varðar dreifingu flugumferðar skal aðildarríkjum vera heimilt að leyfa framkvæmdastjórn flugvallar, sem þjónar sömu borg eða borgarþyrpingu, að nota sameiginlegt og gagnsætt gjaldtökukerfi. Efnahagslegur flutningur milli þessara flugvalla skal vera í samræmi við viðeigandi lög Bandalagsins.

7) Þegar hvatt er til þess að nýjum flugleiðum sé bætt við, til þess að efla m.a. þróun svæða sem eiga erfitt uppdráttar eða eru afskekkt, skal það gert í samræmi við lög Bandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 70, 14.3.2009, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 10, 15.1.2008, bls. 35.

([2]) Stjtíð. ESB C 305, 15.12.2007, bls. 11.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 15. janúar 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum), sameiginleg afstaða ráðsins frá 23. júní 2008 (Stjtíð. ESB C 254 E, 7.10.2008, bls. 18) og afstaða Evrópuþingsins frá 23. október 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum). Ákvörðun ráðsins frá 19. febrúar 2009.

8) Þegar hefur verið fjallað um innheimtu gjalda vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu og flugafgreiðslu í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1794/2006 frá 6. desember 2006 um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu ([4]) og í tilskipun ráðsins 96/67/EB frá 15. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum Bandalagsins ([5]). Gjöldin, sem lögð eru á til að fjármagna aðstoð til handa fötluðum og hreyfihömluðum farþegum, ákvarðast af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2006 frá 5. júlí 2006 um réttindi fatlaðs og hreyfihamlaðs fólks sem ferðast með flugi ([6]).

9) Ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samþykkti árið 2004 stefnumótun á sviði flugvallargjalda sem fól m.a. í sér þær meginreglur að gjöldin séu kostnaðartengd, án mismununar og óháð efnahagsákvæðum flugvalla.

10) Ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar telur að flugvallargjöld séu álögur sem gegna því hlutverki og eru sérstaklega notuð til þess að endurheimta kostnað sem til fellur vegna veittrar aðstöðu og þjónustu fyrir almenningsflug en að skattar séu álögur sem gegna því hlutverki að afla tekna fyrir ríkið eða sveitarfélögin en eru yfirleitt ekki notaðir fyrir almenningsflug í heild sinni eða á grundvelli sérstaks kostnaðar.

11) Flugvallargjöld skulu vera án mismununar. Koma skal á lögboðnu verklagi um reglulegt samráð milli framkvæmdastjórna flugvalla og flugvallarnotenda og skulu báðir aðilar hafa aðgang að óháðu eftirlitsyfirvaldi ef flugvallarnotendur vefengja ákvörðun um flugvallargjöld eða breytingu á gjaldtökukerfinu.

12) Til að tryggja óhlutdræga ákvörðun og rétta og skilvirka beitingu þessarar tilskipunar skal koma á fót óháðu eftirlitsyfirvaldi í hverju aðildarríki. Rétt er að yfirvaldið ráði yfir öllu nauðsynlegu starfsliði, sérþekkingu og fjármunum til að það geti rækt starfsemi sína.

13) Nauðsynlegt er að flugvallarnotendur fái reglulega upplýsingar frá framkvæmdastjórn flugvallar um hvernig og á hvaða grundvelli flugvallargjöld eru reiknuð. Slíkt gagnsæi myndi veita flugrekendum innsýn í þann kostnað sem til fellur að hálfu flugvallarins og hversu arðsamar fjárfestingar flugvallarins eru. Til að gera framkvæmdastjórn flugvallar kleift að meta þörfina á fjárfestingum í framtíðinni með viðeigandi hætti skal þess krafist að flugvallarnotendur deili tímanlega öllum rekstrarspám, þróunarverkefnum ásamt sérstökum kröfum og tillögum með framkvæmdastjórn flugvallarins.

14) Framkvæmdastjórnir flugvalla skulu upplýsa flugvallarnotendur um stærri verkefni á sviði grunnvirkja þar sem þau hafa umtalsverð áhrif á gjaldtökukerfið eða upphæð flugvallargjaldanna. Slíkar upplýsingar skulu veittar til að hægt sé að fylgjast með kostnaði vegna grunnvirkja í því skyni að veita viðeigandi og kostnaðarhagkvæma aðstöðu á hlutaðeigandi flugvelli.

15) Framkvæmdastjórnum flugvalla skal gert kleift að leggja á flugvallargjöld sem svara til grunnvirkisins og/eða þeirrar þjónustu sem veitt er þar sem flugrekendur hafa lögmætra hagsmuna að gæta að krefjast þjónustu af hálfu framkvæmdastjórnar flugvallar sem samsvarar hlutfalli milli verðs og gæða. Allir flugrekendur skulu þó hafa aðgang að hinum ýmsu stigum grunnvirkisins eða þjónustunnar án mismununar, óski þeir þess. Ef eftirspurn er umfram framboð skal aðgangur ákvarðaður á grundvelli hlutlægra viðmiðana og viðmiðana um bann við mismunun sem framkvæmdastjórn flugvallar setur fram. Hvers konar sundurgreining flugvallargjalda skal vera gagnsæ, hlutlæg og byggð á ótvíræðum viðmiðunum.

16) Flugvallarnotendur og framkvæmdastjórn flugvallar skulu geta gert með sér þjónustusamning hvað varðar gæði þjónustu sem veitt er í skiptum fyrir flugvallargjöld. Samningaviðræður um gæði þjónustu, sem veitt er í skiptum fyrir flugvallargjöld, gætu farið fram sem hluti af reglulega samráðinu.

17) Ólík kerfi eru til staðar í mismunandi aðildarríkjum hvað varðar forfjármögnun fyrir fjárfestingar vegna flugvallarins. Í aðildarríkjum þar sem forfjármögnun á sér stað skulu aðildarríki eða framkvæmdastjórnir flugvalla vísa til stefnumótunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og/eða gera eigin verndarráðstafanir.

18) Þessi tilskipun er með fyrirvara um sáttmálann, einkum 81. og 89. gr.

19) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, sem er að setja sameiginlegar meginreglur um gjaldtöku á flugvöllum í Bandalaginu þar sem ekki er hægt að koma á samræmdu gjaldtökukerfi á vettvangi einstakra aðildarríkja í Bandalaginu og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

([4]) Stjtíð. ESB L 341, 7.12.2006, bls. 3.
([5]) Stjtíð. EB L 272, 25.10.1996, bls. 36.
([6]) Stjtíð. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 1.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

1. Með þessari tilskipun eru settar sameiginlegar meginreglur um gjaldtöku á flugvöllum í Bandalaginu.

2. Þessi tilskipun gildir um alla flugvelli sem eru staðsettir á yfirráðasvæði sem fellur undir sáttmálann og eru opnir fyrir flutningaflug þar sem árlegur farþegafjöldi er yfir fimm milljónir og hún gildir einnig um flugvöllinn sem hefur mestan farþegafjölda í hverju aðildarríki.

3. Aðildarríkin skulu birta skrá yfir flugvelli á eigin yfirráðasvæði sem þessi tilskipun gildir um. Skráin skal byggð á gögnum frá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) og skal hún uppfærð árlega.

4. Þessi tilskipun gildir ekki um gjöldin sem innheimt eru sem greiðsla fyrir leiðarþjónustu og flugleiðsöguþjónustu á aðflugssvæði í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1794/2006 eða um gjöldin sem innheimt eru sem greiðsla fyrir flugafgreiðslu sem um getur í viðaukanum við tilskipun 96/67/EB eða um gjöldin sem lögð eru á til að fjármagna aðstoð til handa farþegum sem eru fatlaðir og hreyfihamlaðir eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 1107/2006.

5. Þessi tilskipun er með fyrirvara um rétt hvers aðildarríkis til að beita viðbótarstjórnvaldsráðstöfunum, sem eru ósamrýmanlegar þessari tilskipun eða öðrum viðeigandi ákvæðum laga Bandalagsins, að því er varðar hverja þá framkvæmdastjórn flugvallar sem staðsett er á yfirráðasvæði þess. Þetta getur falið í sér ráðstafanir um efnahagslegt eftirlit, t.d. samþykki gjaldtökukerfis og/eða upphæð gjaldanna, þ.m.t. gjaldtökuaðferðir sem byggjast á hvatningu eða reglum um þak á verðlagningu.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „flugvöllur“: hvers kyns landsvæði sem er sérstaklega útbúið fyrir lendingu, flugtak og stjórnun loftfars, að meðtöldum viðbótarbúnaði sem þarf til þessarar starfsemi vegna flugumferðar og þjónustu við loftfar, þ.m.t. búnaður fyrir þjónustu við farþegaflug í atvinnuskyni,

2. „framkvæmdastjórn flugvallar“: framkvæmdastjórn sem hefur það hlutverk, mögulega í tengslum við aðra starfsemi, samkvæmt landslögum, reglugerðum eða samningum að stjórna og hafa umsjón með grunnvirkjum eða netgrunnvirkjum flugvallar ásamt því að samræma og stjórna starfsemi flugrekenda sem starfa á flugvellinum eða innan viðkomandi kerfis flugvalla,

3. „flugvallarnotandi“: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á flutningum á farþegum, pósti og/eða farmi í lofti til eða frá viðkomandi flugvelli,

4. „flugvallargjöld“: álögur sem flugvallarnotendur borga framkvæmdastjórn flugvallar fyrir notkun á aðstöðu og þjónustu sem er aðeins veitt af hálfu framkvæmdastjórnar flugvallarins og tengist lendingu, flugtaki, flugbrautarlýsingu og loftfarastæðum ásamt innritun farþega og farms,

5. „kerfi flugvalla“: hópur flugvalla sem hafa verið tilnefndir á tilhlýðilegan hátt af hálfu aðildarríkisins og eru starfræktir af hálfu sömu framkvæmdastjórnar flugvallar.

3. gr.

Bann við mismunun

Aðildarríki skulu sjá til þess að flugvallargjöldin séu lögð á flugvallarnotendur án mismununar í samræmi við lög Bandalagsins. Þetta kemur ekki í veg fyrir að breyta megi flugvallargjöldunum í þágu almennings og samfélagsins, þ.m.t. í þágu umhverfisins. Viðmiðanirnar sem notaðar eru við slíka breytingu skulu vera viðeigandi, hlutlægar og gagnsæjar.

4. gr.

Kerfi flugvalla

Aðildarríkin geta heimilað framkvæmdastjórn flugvallar að innleiða sameiginlegt og gagnsætt gjaldtökukerfi sem nær yfir kerfi flugvalla.

5. gr.

Sameiginlegt gjaldtökukerfi

Eftir að hafa upplýst framkvæmdastjórnina og í samræmi við lög Bandalagsins geta aðildarríki heimilað framkvæmdastjórn flugvallar að nota sameiginlegt og gagnsætt gjaldtökukerfi á flugvöllum sem þjóna sömu borginni eða borgarþyrpingunni að því tilskildu að hver flugvöllur uppfylli að öllu leyti kröfurnar um gagnsæi sem settar eru fram í 7. gr.

6. gr.

Samráð og úrræði

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að komið sé á lögboðnu verklagi fyrir reglulegt samráð milli framkvæmdastjórnar flugvallar og flugvallarnotenda, eða fulltrúa flugvallarnotenda eða fulltrúasamtaka þeirra, hvað varðar starfrækslu gjaldtökukerfisins, upphæð flugvallargjaldanna og, eftir því sem við á, gæði þjónustunnar sem veitt er. Slíkt samráð skal fara fram a.m.k. einu sinni á ári nema annað hafi verið samþykkt á síðasta samráðsfundi. Ef til staðar er samningur til margra ára milli framkvæmdastjórnar flugvallar og flugvallarnotenda skulu samráðsfundir fara fram eins og gert er ráð fyrir í þeim samningi. Aðildarríkin halda rétti sínum til að krefjast tíðari samráðsfunda.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess, þegar því verður við komið, að breytingar á gjaldtökukerfinu eða upphæð flugvallargjaldanna séu gerðar í samráði við framkvæmdastjórn flugvallar og flugvallarnotendur. Af þessum sökum skal framkvæmdastjórn flugvallar leggja hvers konar tillögur að breytingu á gjaldtökukerfinu eða upphæð flugvallargjaldanna fyrir flugvallarnotendur ásamt ástæðum fyrir fyrirhuguðum breytingum eigi síðar en fjórum mánuðum áður en þær taka gildi nema í undantekningartilvikum en þá þarf að réttlæta þau fyrir flugvallarnotendum. Framkvæmdastjórn flugvallar skal halda samráðsfundi með flugvallarnotendum um fyrirhugaðar breytingar og skal tillit tekið til sjónarmiða þeirra áður en ákvörðun er tekin. Framkvæmdastjórn flugvallar skal að öllu jöfnu birta ákvörðun sína eða tilmæli eigi síðar en tveimur mánuðum áður en þau taka gildi. Framkvæmdastjórn flugvallar skal færa rök fyrir ákvörðun sinni, að teknu tilliti til sjónarmiða flugvallarnotenda, ef framkvæmdastjórn flugvallar og flugvallarnotendur komast ekki að samkomulagi um fyrirhugaðar breytingar.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að ef ágreiningur rís um ákvörðun sem framkvæmdastjórn flugvallar tekur um flugvallargjöld megi báðir aðilar leita til óháða eftirlitsyfirvaldsins, sem um getur í 11. gr., sem skal rannsaka rökin fyrir breytingu á gjaldtökukerfinu eða upphæð flugvallargjaldanna.

4. Ef breyting á gjaldtökukerfinu eða upphæð flugvallargjaldanna, sem framkvæmdastjórn flugvallarins ákveður, er lögð fyrir óháða eftirlitsyfirvaldið skal hún ekki taka gildi fyrr en yfirvaldið hefur náð að rannsaka málið. Innan fjögurra vikna frá því að málið er lagt fyrir óháða eftirlitsyfirvaldið skal það taka bráðabirgðaákvörðun um gildistöku breytingarinnar á flugvallargjöldum nema það geti tekið endanlega ákvörðun innan sama frests.

5. Aðildarríki getur ákveðið að beita ekki 3. og 4. mgr. í tengslum við breytingar á upphæð eða samsetningu flugvallargjaldanna á þeim flugvöllum þar sem:

a) landslög kveða á um að flugvallargjöld eða hámarksupphæð þeirra skuli, í samræmi við skyldubundið verklag, ákveðin eða samþykkt af hálfu óháða eftirlitsyfirvaldsins eða

b) landslög kveða á um að óháða eftirlitsyfirvaldið rannsaki, að staðaldri eða að beiðni hlutaðeigandi aðila, í samræmi við skyldubundið verklag hvort virk samkeppni sé til staðar á slíkum flugvöllum. Ef slík rannsókn sýnir að grundvöllur er fyrir því skulu aðildarríkin ákveða að flugvallargjöldin, eða hámarksupphæð þeirra, verði ákvörðuð eða samþykkt af hálfu óháða eftirlitsyfirvaldsins. Þessi ákvörðun gildir á grundvelli rannsóknar yfirvaldsins eins lengi og nauðsynlegt er.

Verklagsreglurnar, skilyrðin og viðmiðanirnar sem aðildarríkið beitir að því er þessa málsgrein varðar skulu vera viðeigandi, hlutlæg, án mismununar og gagnsæ.

7. gr.

Gagnsæi

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að í hvert sinn sem haldnir eru samráðsfundir, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., veiti framkvæmdastjórn flugvallar flugvallarnotendum, eða fulltrúum flugvallarnotenda eða fulltrúasamtökum þeirra, upplýsingar um þá þætti sem liggja til grundvallar ákvörðun um gjaldtökukerfi eða upphæð flugvallargjaldanna sem framkvæmdastjórn flugvallar innheimtir á öllum flugvöllum. Upplýsingarnar skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) skrá yfir ýmsa þjónustu sem veitt er og grunnvirki sem aðgangur fæst að í staðinn fyrir innheimt flugvallargjöld,

b) aðferðafræðina, sem notuð er til að ákveða flugvallargjöldin,

c) samsetningu heildarkostnaðar með tilliti til þeirrar aðstöðu og þjónustu sem flugvallargjöldin varða,

d) tekjurnar af hinum ýmsu gjöldum og heildarkostnað vegna þjónustunnar sem gjöldin ná yfir,

e) hvers konar fjármögnun aðstöðunnar og þjónustunnar af hálfu opinberra yfirvalda að því er flugvallargjöldin varðar,

f) spár um stöðu flugvallarins hvað varðar gjöld, aukningu flugumferðar og fyrirhugaðar fjárfestingar,

g) raunverulega notkun á grunnvirki og búnaði flugvallarins á tilteknu tímabili og

h) áætlaða niðurstöðu hvers konar fyrirhugaðra stærri fjárfestinga með tilliti til áhrifa þeirra á afkastagetu flugvallar.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að fyrir hvern samráðsfund leggi flugvallarnotendur fram upplýsingar fyrir framkvæmdastjórn flugvallar, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr., einkum um eftirfarandi atriði:

a) spár um flugumferð,

b) spár um samsetningu flugflotans og áætlaða notkun hans,

c) þróunarverkefni þeirra fyrir viðkomandi flugvöll og

d) þarfir þeirra á viðkomandi flugvelli.

3. Með fyrirvara um landslöggjöf skulu upplýsingarnar sem veittar eru á grundvelli þessarar greinar teljast til trúnaðarmála eða viðkvæmra efnahagsmála og þær meðhöndlaðar í samræmi við það. Framkvæmdastjórnir flugvalla, sem eru skráðar í kauphöll, skulu einkum fara að reglum kauphallarinnar.

8. gr.

Ný grunnvirki

Aðildarríki skulu tryggja að framkvæmdastjórn flugvallar hafi samráð við flugvallarnotendur áður en skipulagsáætlanir um ný verkefni á sviði grunnvirkja hafa verið fastsettar.

9. gr.

Gæðastaðlar

1. Til að tryggja hnökralausa og skilvirka starfsemi flugvallar skulu aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera framkvæmdastjórn flugvallarins og fulltrúum flugvallarnotenda eða fulltrúasamtökum þeirra kleift að hefja samningaviðræður í því skyni að gera með sér þjónustusamning með tilliti til gæða þjónustunnar sem veitt er á flugvellinum. Samningaviðræðurnar um gæði þjónustunnar geta farið fram sem hluti af samráðinu sem um getur í 1. mgr. 6. gr.

2. Í slíkum þjónustusamningi skal ákvarða það þjónustustig sem framkvæmdastjórn flugvallarins á að veita með tilliti til raunverulegs gjaldtökukerfis eða upphæðar flugvallargjaldanna og þess þjónustustigs sem flugvallarnotendur eiga rétt á í skiptum fyrir flugvallargjöldin sem þeir greiða.

10. gr.

Aðgreining þjónustu

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera framkvæmdastjórn flugvallarins kleift að hafa gæði og umfang tiltekinnar flugvallarþjónustu, flugstöðvar eða hluta flugstöðvar breytileg í því skyni að veita sérsniðna þjónustu eða bjóða flugstöð eða hluta af flugstöð til sérstakra nota. Upphæð flugvallargjaldanna getur verið breytileg í samræmi við gæði og umfang slíkrar þjónustu og kostnað vegna hennar eða önnur hlutlæg og gagnsæ rök. Framkvæmdastjórnum flugvalla skal vera frjálst að ákveða slík breytileg flugvallargjöld, sbr. þó 3. gr.

2. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera flugvallarnotanda, sem óskar eftir því að fá sérsniðna þjónustu eða afnot af flugstöð eða hluta af flugstöð til sérstakra nota, kleift að fá aðgang að þessari þjónustu og flugstöð eða hluta af flugstöð.

Ef upp kemur sú staða að fleiri flugvallarnotendur óski eftir að fá aðgang að sérsniðinni þjónustu og/eða að flugstöð eða hluta af flugstöð til sérstakra nota en mögulegt er sökum takmarkaðrar afkastagetu skal aðgangur ákvarðaður á grundvelli viðmiðana sem eru viðeigandi, hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar. Framkvæmdastjórn flugvallarins er heimilt að ákvarða þessar viðmiðanir og er aðildarríkjum heimilt að krefjast þess að óháða eftirlitsyfirvaldið samþykki þessar viðmiðanir.

11. gr.

Óháð eftirlitsyfirvald

1. Aðildarríki skulu tilnefna eða koma á fót óháðu yfirvaldi sem starfar sem óháð eftirlitsyfirvald í hverju ríki fyrir sig til að tryggja rétta beitingu ráðstafananna sem hafa verið gerðar í því skyni að fara að þessari tilskipun og til að takast á hendur a.m.k. þau verkefni sem því er úthlutað skv. 6. gr. Slíkt yfirvald getur verið sami aðili og aðildarríki hefur falið að beita viðbótarstjórnvaldsráðstöfununum, sem um getur í 5. mgr. 1. gr., þ.m.t. samþykkt á gjaldtökukerfi og/eða upphæð flugvallargjaldanna, að því tilskildu að yfirvaldið uppfylli kröfur 3. mgr. þessarar greinar.

2. Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að óháða eftirlitsyfirvaldið geti falið öðru óháðu eftirlitsyfirvaldi, í samræmi við landslög og undir eftirliti og samkvæmt fullri ábyrgð þess, að koma þessari tilskipun í framkvæmd, að því tilskildu að framkvæmdin fari fram í samræmi við sömu staðla.

3. Aðildarríki skulu ábyrgjast sjálfstæði óháða eftirlitsyfirvaldsins með því að tryggja að það sé lagalega aðgreint frá sérhverri framkvæmdastjórn flugvallar og flugrekendum og að það starfi óháð þeim. Aðildarríki sem viðhalda eignarhaldi á flugvöllum, framkvæmdastjórnum flugvalla eða flugrekendum eða yfirráðum yfir framkvæmdastjórnum flugvalla eða flugrekendum skulu sjá til þess að starfsemi í tengslum við slíkt eignarhald eða yfirráð sé ekki í höndum óháða eftirlitsyfirvaldsins. Aðildarríkin skulu tryggja að óháða eftirlitsyfirvaldið beiti valdi sínu af óhlutdrægni og á gagnsæjan hátt.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um heiti og heimilisfang óháða eftirlitsyfirvaldsins, um verkefni þess og ábyrgðarsvið og ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja samræmi við 3. mgr.

5. Aðildarríkjum er heimilt að innleiða fjármögnunaraðferðir fyrir óháða eftirlitsyfirvaldið sem geta falið í sér að gjald sé lagt á flugvallarnotendur og framkvæmdastjórnir flugvalla.

6. Aðildarríki skulu sjá til þess, að því er varðar ágreininginn sem um getur í 3. mgr. 6. gr., að gerðar séu ráðstafanir:

a) til að koma á verklagi til að leysa ágreining milli framkvæmdastjórnar flugvallar og flugvallarnotenda,

b) til að ákvarða með hvaða skilyrðum megi bera ágreining undir óháða eftirlitsyfirvaldið; yfirvaldið skal einkum vísa kærum frá sem það telur að séu ekki rökstuddar með tilhlýðilegum hætti eða ekki skjalfestar nægilega vel og

c) til að ákvarða viðmiðanirnar sem nota má til að meta ágreininginn í því skyni að komast að niðurstöðu.

Þessar verklagsreglur, skilyrði og viðmiðanir skulu vera án mismununar, gagnsæjar og hlutlægar.

7. Þegar óháða eftirlitsyfirvaldið rannsakar hvort breyting á gjaldtökukerfi eða upphæð flugvallargjalda, eins og fram kemur í 6. gr., sé réttlætanleg skal það hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum frá hlutaðeigandi aðilum og skal þess krafist að yfirvaldið hafi samráð við hlutaðeigandi aðila áður en það kemst að niðurstöðu. Með fyrirvara um 4. mgr. 6. gr. skal yfirvaldið birta endanlega ákvörðun eins fljótt og unnt er og a.m.k. innan fjögurra mánaða frá því að málið var lagt fyrir það. Þetta tímabil má lengja um tvo mánuði í sérstökum og tilhlýðilega rökstuddum tilvikum. Ákvarðanir óháða eftirlitsyfirvaldsins skulu vera bindandi með fyrirvara um endurskoðun þings eða dómstóla, eftir því sem við á í aðildarríkjunum.

8. Óháða eftirlitsyfirvaldið skal birta ársskýrslu um starfsemi sína.

12. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Eigi síðar en 15. mars 2013 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar, með mati á þeim árangri sem náðst hefur með tilliti til markmiða hennar, svo og, eftir því sem við á, allar viðeigandi tillögur.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu starfa saman við beitingu þessarar tilskipunar einkum að því er varðar söfnun upplýsinga fyrir skýrsluna sem um getur í 1. mgr.

13. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. mars 2011. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 11. mars 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti	*forseti*
H.-G. PÖTTERING	A. VONDRA

ÁKVARÐANIR **2012/EES/38/07**

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 20. desember 2011

um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 9380)

(2012/21/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 3. mgr. 106. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 14. gr. sáttmálans er gerð krafa um að Sambandið noti heimildir sínar þannig, með fyrirvara um 93., 106. og 107. gr. sáttmálans, að tryggt sé að þjónusta, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, sé starfrækt á grundvelli meginreglna og skilyrða sem gerir því kleift að leysa verkefni sín.

2) Til að unnt sé að starfrækja tiltekna þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu á grundvelli meginreglna og við skilyrði sem gera henni kleift að uppfylla markmið sín getur verið nauðsynlegt að ríkið veiti fjárstuðning sem standa á straum af sérstökum kostnaði í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu að einhverju eða öllu leyti. Í samræmi við 345. gr. sáttmálans, eins og hún hefur verið túlkuð af Dómstóli Evrópusambandsins, skiptir það litlu máli hvort opinber fyrirtæki eða einkafyrirtæki veita þess háttar þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

3) Í 2. mgr. 106. gr. sáttmálans er því lýst yfir í þessu sambandi að fyrirtæki, sem falið er að starfrækja þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu eða sem hafa einkenni fjáröflunarfyrirtækis í skjóli einokunar, skuli lúta reglum sáttmálans, einkum samkeppnisreglum, að því marki sem beiting þessara reglna hindri ekki, að lögum eða í reynd, að þau geti sinnt þeim verkefnum sem þeim eru falin. Þetta ætti hins vegar ekki að hafa áhrif á þróun viðskipta í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum Sambandsins.

4) Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í Altmark ([1]) að bætur vegna opinberrar þjónustu teldust ekki vera ríkisaðstoð í skilningi 107. gr. sáttmálans, enda væru fjögur eftirfarandi skilyrði uppfyllt. Í fyrsta lagi verður viðtökufyrirtækið í reynd að hafa skyldur að rækja um opinbera þjónustu og þær skyldur verða að vera nákvæmlega skilgreindar. Í öðru lagi verður að fastsetja færibreyturnar, sem bæturnar eru reiknaðar út frá, fyrir fram með hlutlægum og gagnsæjum hætti. Í þriðja lagi geta bæturnar ekki verið hærri en nauðsynlegt er til að standa straum af kostnaðinum við að rækja skyldurnar um opinbera þjónustu í heild eða að hluta til, að teknu tilliti til viðeigandi tekna og sanngjarns hagnaðar. Að lokum, þegar fyrirtækið sem á skyldur að rækja um opinbera þjónustu í tilteknu tilviki er ekki valið samkvæmt reglum um opinber innkaup, sem gera kleift að velja þann bjóðanda sem getur veitt þessa þjónustu fyrir minnstan kostnað fyrir samfélagið, verður að ákvarða hversu háar bæturnar eiga að vera á grundvelli greiningar á þeim kostnaði sem dæmigert fyrirtæki, vel rekið og með viðeigandi úrræði, hefði stofnað til.

5) Þar sem þessi skilyrði eru ekki uppfyllt og ef almenn skilyrði fyrir beitingu 1. mgr. 107. gr. sáttmálans hafa verið uppfyllt teljast bætur fyrir opinbera þjónustu vera ríkisaðstoð sem fellur undir 93. gr., 106. gr., 107. gr. og 108. gr. sáttmálans.

6) Til viðbótar við þessa ákvörðun eru þrír gerningar sem skipta máli fyrir beitingu reglna um ríkisaðstoð varðandi bætur sem eru veittar fyrir veitta þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu:

a) í nýrri orðsendingu um beitingu reglna Evrópusambandsins um ríkisaðstoð varðandi bætur sem eru veittar fyrir veitta

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 7, 11.1.2012, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XV. viðauka (Rikisaðstoð) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Mál C-280/00 Altmark Trans og Regierungspräsidium Magdeburg gegn Nahverkehrsgesellschaft Altmark [2003], dómasafn EB I-7747.

þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu ([2]) er skýrt hvernig 107. gr. sáttmálans er beitt ásamt þeim viðmiðunum sem settar voru með Altman-úrskurðinum varðandi slíkar bætur,

b) í nýrri reglugerð, sem framkvæmdastjórnin ætlar sér að samþykkja, um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans á minniháttaraðstoð fyrir veitta þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu (SGEI) er mælt fyrir um ákveðin skilyrði – þ.m.t. upphæð bóta – þar sem bætur vegna opinberrar þjónustu teljast ekki uppfylla allar viðmiðanir 1. mgr. 107. gr,

c) endurskoðuð umgjörð fyrir ríkisaðstoð í formi bóta vegna opinberrar þjónustu ([3]) tilgreinir hvernig framkvæmdastjórnin muni greina mál sem falla ekki undir þessa ákvörðun og verður þar af leiðandi að tilkynna framkvæmdastjórninni.

7) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/842/EB frá 28. nóvember 2005 um beitingu 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu ([4]) eru tilgreindar merking og umfang undanþágunnar samkvæmt 2. mgr. 106. gr. sáttmálans og settar fram reglur sem gera kleift að hafa skilvirkt eftirlit með því að skilyrðin, sem sett eru fram í 2. mgr. 106. gr., séu uppfyllt. Þessi ákvörðun kemur í stað ákvörðunar 2005/842/EB og setur fram skilyrðin þar sem ríkisaðstoð í formi bóta vegna opinberrar þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu er ekki bundin kröfunni um fyrirframtilkynninguna í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans þar sem hún getur talist samrýmast 2. mgr. 106. gr. sáttmálans.

8) Telja má að slík aðstoð samrýmist sáttmálanum ef hún er veitt í því skyni að tryggja veitingu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu eins og um getur í 2. mgr. 106. gr. sáttmálans. Í dómaframkvæmdinni kemur skýrt fram að aðildarríkin hafa víðtækan sjálfsákvörðunarrétt þegar þau skilgreina hvaða þjónustu er unnt að flokka sem þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu þegar ekki eru fyrir hendi reglur um einstakar atvinnugreinar Sambandsins. Verkefni framkvæmdastjórnarinnar er því að sjá til þess að engar augljósar skekkjur sé að finna í skilgreiningunni á þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

9) Að því tilskildu að ýmis skilyrði séu uppfyllt hafa lágar bótafjárhæðir, til fyrirtækja sem falið er að veita þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, ekki áhrif á þróun viðskipta og samkeppni í slíkum mæli að það stríði gegn hagsmunum Sambandsins. Því er ekki gerð krafa um að einstaka tilkynning um ríkisaðstoð fyrir bætur fari ekki yfir tilgreinda árlega bótaupphæð að því tilskildu að skilyrði þessarar ákvörðunar séu uppfyllt.

10) Miðað við þróun viðskipta innan Sambandsins um veitingu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, sem sést m.a. af mikilli þróun fjölþjóðlegra þjónustuveitenda í mörgum geirum sem skipta miklu máli fyrir þróun innri markaðarins, er viðeigandi að setja lægri mörk á bótafjárhæðir sem heimilt er að undanþiggja kröfunni um tilkynningaskyldu í samræmi við þessa ákvörðun heldur en sett voru með ákvörðun 2005/842/EB en jafnframt gera mögulegt að reikna þá upphæð sem árlegt meðaltal á gildistíma umboðsins.

11) Sjúkrahús og fyrirtæki, sem bera ábyrgð á félagsþjónustu og hefur verið falið að vinna verkefni sem hafa almenna, efnahagslega þýðingu, hafa sértæk einkenni sem ber að taka tillit til. Einkum skal taka þá staðreynd til greina að við núverandi efnahagslegar aðstæður og á því stigi sem þróun á innri markaðinum er, getur félagsþjónustan farið fram á hærri aðstoðarfjárhæð, en viðmiðunarmörkin í þessari ákvörðun segja til um, til að bæta fyrir kostnað vegna opinberrar þjónustu. Hærri bótafjárhæð fyrir félagsþjónustu felur því ekki endilega í sér meiri hættu á að samkeppni raskist. Í samræmi við það fá fyrirtæki sem bera ábyrgð á félagsþjónustu, þ.m.t. að láta húsnæði í té illa settum borgurum eða félagslega bágstöddum hópum, sem vegna fjárhagsörðugleika geta ekki fengið húsnæði við markaðsaðstæður, undanþágu frá tilkynningaskyldunni sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun, jafnvel þótt bótafjárhæðin sem þau hljóta fari yfir almenna viðmiðunarfjárhæð bóta sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun. Hið sama gildir um sjúkrahús sem veita læknishjálp, ef við á, neyðarþjónustu og stoðþjónustu, sem tengjast aðalstarfseminni, einkum á sviði rannsókna. Til að geta notið góðs af undanþágu frá tilkynningaskyldunni skal félagsþjónustan vera vel skilgreind þjónusta, uppfylla félagslegar þarfir að því er varðar heilbrigði og langtímaumönnun, dagvistun barna, aðgengi að enduraðlögun að vinnumarkaðnum, félagsbústöðum og umönnun og félagslegri aðlögun viðkvæmra hópa.

12) Það ræðst ekki einungis af bótafjárhæð sem tekið er við árlega og viðkomandi geira, að hve miklu leyti tilteknar bótaráðstafanir hafa áhrif á viðskipti og samkeppni, heldur einnig af heildargildistíma umboðstímabilsins. Ef það er ekki réttlætanlegt að lengja tímabilið vegna þarfar á umtalsverðri fjárfestingu, t.d. að því er varðar félagsbústaði, skal beiting þessarar ákvörðunar takmarkast við umboðstímabil sem ekki er lengra en 10 ár.

([2]) Stjtíð. ESB C 8, 11.1.2012, bls. 4.
([3]) Stjtíð. ESB C 8, 11.1.2012, bls. 15.
([4]) Stjtíð. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 67.

13) Til að ákvæði 2. mgr. 106. gr. sáttmálans gildi verður aðildarríkið að hafa falið viðkomandi fyrirtæki sérstaklega að starfrækja sérstaka þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

14) Í því skyni að tryggja að viðmiðunarreglurnar, sem eru settar fram í 2. mgr. 106. gr. sáttmálans, séu uppfylltar er nauðsynlegt að kveða á um nákvæmari skilyrði sem verður að uppfylla að því er varðar umboðið til að starfrækja þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu. Unnt er að reikna fjárhæð bótanna rétt og sannreyna ef skyldurnar um opinbera þjónustu sem fyrirtækinu ber að rækja og allar skyldur sem ríkinu ber að rækja eru settar fram í einni eða fleiri gerðum lögbærra yfirvalda í viðkomandi aðildarríki. Tegund gerningsins getur verið mismunandi frá einu aðildarríki til annars en í honum skal, að lágmarki, tilgreina fyrirtækin sem um er að ræða, nákvæmt inntak og tímalengd og, eftir því sem við á, yfirráðasvæðið sem varðar skylduna um opinbera þjónustu sem hefur verið lögð á, veitingu sérstaks réttar eða einkaréttar og lýsa fyrirkomulagi bótanna og færibreytanna sem ákvarða bæturnar og komast hjá og innheimta allar mögulegar ofgreiddar bætur. Í því skyni að tryggja gagnsæi í tengslum við beitingu þessarar ákvörðunar skal umboðið einnig innihalda tilvísun í hana.

15) Í því skyni að komast hjá óréttmætri röskun á samkeppni skulu bæturnar ekki vera hærri en nauðsynlegt er til að standa straum af hreinum kostnaði sem fyrirtækið stofnar til við starfrækslu þjónustunnar, þ.m.t. sanngjarnan hagnað.

16) Bætur, sem eru umfram það sem nauðsynlegt er til að standa straum af hreinum kostnaði sem viðkomandi fyrirtæki, sem starfrækir þjónustuna, hefur stofnað til, eru ekki nauðsynlegar fyrir starfrækslu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og þar af leiðandi teljast þær vera ósamrýmanlegar ríkisaðstoð sem skal endurgreiða ríkinu. Bætur sem eru veittar fyrir starfrækslu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu en sem viðkomandi fyrirtæki notar í raun til að starfa á öðrum markaði, í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í umboðinu, eru ekki nauðsynlegar fyrir starfrækslu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og þar af leiðandi teljast þær vera ósamrýmanlegar ríkisaðstoð sem skal endurgreiða.

17) Hreinan kostnað sem taka ber tillit til skal reikna sem mismuninn milli kostnaðarins sem stofnað er til við starfrækslu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu eða, að öðrum kosti, sem mismuninn milli hreins kostnaðar starfrækslu skyldunnar um opinbera þjónustu og hreins kostnaðar eða hagnaðar starfrækslu án skyldunnar um opinbera þjónustu. Einkum ef skyldan til að veita opinbera þjónustu leiðir til lækkunar á tekjum, t.d. vegna gjaldskráa sem byggjast á reglum en hafa ekki áhrif á kostnað, ætti það að vera mögulegt að ákvarða hreinan kostnað sem stofnað var til við að rækja skyldur um opinbera þjónustu á grundvelli tekjumissis. Í því skyni að komast hjá óréttmætri röskun á samkeppni og í þeim tilgangi að reikna út bótafjárhæðina skal taka tillit til allra tekna af þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, þ.e.a.s., allra tekna sem veitandi þjónustunnar hefði ekki fengið ef skylda hefði ekki verið lögð á hann. Ef viðkomandi fyrirtæki hefur sérstakan rétt eða einkarétt sem tengist starfsemi, annarri en þeirri þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu sem veitt er aðstoð fyrir, með hagnað af rekstri sem er meiri en sanngjarn má teljast eða, ef það nýtur annars ávinnings af hálfu ríkisins, skal fyrirtækið taka hann með í tekjum sínum, óháð því hvernig hann er flokkaður í sambandi við 107. gr. sáttmálans.

18) Skynsamlegur hagnaður skal ákvarðaður sem arðsemi eigin fjár sem tekur tillit til áhættunnar, eða þess að engin áhætta er fyrir hendi, sem stofnað er til. Skilgreina skal arðsemi eigin fjár sem innri ávöxtun sem fyrirtækið fær af fjárfestingu sinni á gildistíma umboðstímabilsins.

19) Hagnaður sem fer ekki yfir viðeigandi vaxtaskipti ásamt 100 grunnpunktum skal ekki teljast óskynsamlegur. Í þessu samhengi ber að líta á viðeigandi vaxtaskipti sem hæfilega arðsemi eigin fjár fyrir áhættulausa fjárfestingu. Viðbótargjald upp á 100 grunnpunkta þjónar m.a. þeim tilgangi að bæta fyrir lausafjáráhættu í tengslum við veitingu fjármagns sem er bundið við starfrækslu þjónustunnar á umboðstímabilinu.

20) Ekki skal líta svo á að hagnaðurinn, sem fer yfir viðmiðun viðeigandi vaxtaskipta ásamt 100 grunnpunktum, sé skynsamlegur í tilvikum þar sem fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu ber ekki verulega viðskiptaáhættu, t.d. vegna þess að kostnaðurinn sem komið getur til vegna starfrækslu þjónustunnar er bættur að fullu.

21) Ef ekki þykir rétt, vegna sérstakra aðstæðna, að nota arðsemi eigin fjár skulu aðildarríkin geta reitt sig á annað hagnaðarstig til að ákvarða hver skynsamlegur hagnaður skuli vera, s.s. meðalarðsemi eigin fjár, arðsemi fjármagns sem notað er, arðsemi eigna eða arðsemi af sölu.

22) Þegar aðildarríkið ákvarðar hvað telst sanngjarn hagnaður, ætti það að geta innleitt hvataviðmiðanir, einkum varðandi gæði veittrar þjónustu og aukinnar framleiðsluhagkvæmni. Aukin hagkvæmni skal ekki draga úr gæðum þjónustunnar sem veitt er. Aðildarríki ættu t.d. að geta skilgreint markmið framleiðsluhagkvæmni í umboðinu þar sem bótahlutfallið er háð því að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Í umboðinu getur

verið kveðið á um að lækka skuli bæturnar ef fyrirtækið uppfyllir ekki markmiðin með því að beita reikniaðferð sem tilgreind er í umboðinu og að hækka skuli bæturnar fari fyrirtækið fram úr markmiðum sínum með því að beita reikniaðferð sem tilgreind er í umboðinu. Ávinningur í tengslum við aukna framleiðsluhagkvæmni skal vera þannig að hann heimili jafnvægi í skiptingu hagnaðar milli fyrirtækisins og aðildarríkisins og/eða notendanna.

23) Ákvæði 93. gr. sáttmálans teljast vera sérlög (lex specialis) að því er varðar 2. mgr. 106. gr. sáttmálans. Þar er kveðið á um reglur sem gilda um bætur fyrir opinbera þjónustu í landflutningum. Ákvæði 93. gr. hafa verið túlkuð með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70 ([5]) sem mælir fyrir um reglurnar sem gilda um skyldur um opinbera þjónustu í farþegaflutningum. Beiting hennar á farþegaflutningum á skipgengum vatnaleiðum er undir aðildarríkjunum komið. Í reglugerð (EB) nr. 1370/2007 eru allar bætur á sviði landflutninga sem uppfylla skilyrði þeirrar reglugerðar frá tilkynningaskyldunni undanskildar, í samræmi við 3. mgr. 108. gr. Í samræmi við dóminn í Altmark-málinu er ekki unnt að lýsa því yfir að bætur á sviði landflutninga, sem fara ekki að ákvæðum 93. gr. sáttmálans, samrýmist ekki sáttmálanum á grundvelli 2. mgr. 106. gr. sáttmálans, eða á grundvelli einhvers annars ákvæðis í sáttmálanum. Af þessum sökum gildir þessi ákvörðun ekki um landflutninga.

24) Ólíkt landflutningum falla sjó- og loftflutningar undir 2. mgr. 106. gr. sáttmálans. Tilteknar reglur sem gilda um bætur fyrir opinbera þjónustu í loft- og sjóflutningum er að finna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu ([6]) og í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó) ([7]). Ólíkt reglugerð (EB) nr. 1370/2007 vísa þessar reglugerðir þó ekki í það hvort hugsanlegir þættir ríkisaðstoðar séu samrýmanlegir né veita þær undanþágu frá tilkynningaskyldunni samkvæmt 3. mgr. 108. gr. sáttmálans. Þessi ákvörðun ætti því að gilda um bætur fyrir opinbera þjónustu í loft- og sjóflutningum, að því tilskyldu að slíkar bætur, auk þess að uppfylla skilyrðin sem eru sett fram í þessari ákvörðun, samræmist einnig reglum um sérsvið sem eru í reglugerðum (EB) nr. 1008/2008 og nr. 3577/92 þar sem við á.

([5]) Stjtíð. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 1.
([6]) Stjtíð. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3.
([7]) Stjtíð. EB L 364, 12.12.1992, bls. 7.

25) Í sérstökum tilvikum bóta fyrir opinbera þjónustu vegna tenginga í lofti eða á sjó við eyjar og vegna flugvalla og hafna sem fela í sér þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, eins og um getur í 2. mgr. 106. gr. sáttmálans, er það viðeigandi að kveða á um viðmiðunarmörk sem byggjast á meðalfjölda farþega á ári þar sem það gefur réttari mynd af efnahagslegum veruleika þessarar starfsemi og eðli þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

26) Undanþága frá kröfunni um fyrirframtilkynningu að því er varðar tiltekna þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu útilokar ekki að aðildarríkin geti tilkynnt um sérstakt aðstoðarverkefni. Komi til slíkrar tilkynningar eða ef framkvæmdastjórnin metur, eftir að hafa fengið kvörtun eða að eigin frumkvæði, samrýmanleika sérstakra aðstoðarráðstafana mun framkvæmdastjórnin meta hvort skilyrði þessarar ákvörðunar séu uppfyllt. Sé það ekki tilfellið, verða ráðstafanirnar metnar í samræmi við meginreglur orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar um rammaákvæði um ríkisaðstoð í formi bóta fyrir opinbera þjónustu.

27) Þessi ákvörðun skal gilda með fyrirvara um ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB frá 16. nóvember 2006 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja, svo og gagnsæi í fjármálum tiltekinna fyrirtækja ([8]).

28) Þessi ákvörðun skal gilda með fyrirvara um ákvæði Sambandsins á sviði samkeppnismála, einkum ákvæði 101. og 102. gr. sáttmálans.

29) Þessi tilskipun skal gilda með fyrirvara um ákvæði Sambandsins á sviði opinberra innkaupa.

30) Þessi ákvörðun gildir með fyrirvara um strangari ákvæði varðandi skyldur um opinbera þjónustu sem eru í löggjöf Sambandsins um einstakar atvinnugreinar.

31) Mæla skal fyrir um umbreytingarákvæði fyrir staka aðstoð sem var veitt áður en þessi ákvörðun tók gildi. Aðstoðarkerfi sem komið er til framkvæmda í samræmi við ákvörðun 2005/842/EB áður en þessi ákvörðun tók gildi skal áfram samrýmast innri markaðinum og undanþegið tilkynningarskyldunni í tvö ár til viðbótar. Aðstoð, sem kemur til framkvæmdar áður en þessi ákvörðun tekur gildi, sem var ekki veitt í samræmi við ákvörðun 2005/842/EB en uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun skal samrýmast innri markaðinum og vera undanþegin tilkynningaskyldunni.

([8]) Stjtíð. ESB L 318, 17.11.2006, bls. 17.

32) Framkvæmdastjórnin hyggst láta fara fram endurskoðun á þessari ákvörðun fimm árum eftir gildistöku hennar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari ákvörðun eru sett fram skilyrði fyrir því hvenær ríkisaðstoð í formi bóta fyrir opinbera þjónustu til tiltekinna fyrirtækja sem hefur verið falið að starfrækja þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu samrýmist innri markaðinum og hvenær hún sé undanþegin tilkynningaskyldunni sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi ákvörðun gildir um ríkisaðstoð í formi bóta fyrir opinbera þjónustu til fyrirtækja sem falið er að starfrækja þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu eins og um getur í 2. mgr. 106. gr. sáttmálans, sem fellur undir einn eftirfarandi flokka:

a) bætur sem fara ekki yfir 15 milljónir evra á ári fyrir veitingu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu á öðrum sviðum en flutningum og samgöngumannvirkjum.

   Þegar bótafjárhæðin er breytileg á gildistíma umboðsins skal reikna árlegu fjárhæðina sem meðaltal árlegrar bótafjárhæðar sem vænst er að innt verði af hendi á gildistíma umboðsins,

b) bætur fyrir þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu sem spítalar, sem útvega læknishjálp, þ.m.t. neyðarþjónustu ef við á, veita; rekstur stoðstarfsemi sem tengist aðalstarfseminni beint, einkum á sviði rannsókna, kemur hins vegar ekki í veg fyrir beitingu þessarar málsgreinar,

c) bætur fyrir veitingu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu sem uppfyllir félagslegar þarfir að því er varðar heilbrigði, langtímaummönnun, dagvistun barna, aðgengi að enduraðlögun að vinnumarkaðnum, félagsbústöðum og umönnun og félagslegri aðlögun viðkvæmra hópa,

d) bætur fyrir að veita þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu að því er varðar tengingar í lofti eða á sjó við eyjar þar sem meðalfjöldi farþega á ári, næstu tvö fjárhagsár á undan því þegar þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu var úthlutað, er ekki meiri en 300 000 farþegar,

e) Bætur fyrir að veita opinbera þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu að því er varðar flugvelli og hafnir þar sem meðalfjöldi farþega á ári, næstu tvö fjárhagsár á undan því þegar þjónustan sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu var úthlutað, er ekki meiri en 200 000 farþegar þegar um flugvelli er að ræða og 300 000 farþega þegar um hafnir er að ræða.

2. Þessi ákvörðun gildir einungis þegar tímabilið, þar sem fyrirtækinu er falið að starfrækja þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, er ekki lengra en 10 ár. Þegar umboðstímabilið er lengra en 10 ár gildir þessi ákvörðun aðeins að því marki að þjónustuveitandinn sé krafinn um umtalsverða fjárfestingu sem þarf að afskrifa yfir lengra tímabil í samræmi við góðar reikningsskilavenjur.

3. Ef skilyrði um beitingu þessarar ákvörðunar eru ekki lengur uppfyllt á gildistíma umboðsins skal tilkynna aðstoðina í samræmi við 3. mgr. 108. gr. sáttmálans.

4. Á sviði loft- og sjóflutninga gildir þessi ákvörðun aðeins um ríkisaðstoð í formi bóta fyrir opinbera þjónustu til fyrirtækja sem falið er að starfrækja þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu eins og um getur í 2. mgr. 106. gr. sáttmálans, og samrýmist reglugerð (EB) nr. 1008/2008 og, eftir því sem við á, reglugerð (EBE) nr. 3577/92, þar sem við á.

5. Þessi ákvörðun gildir ekki um ríkisaðstoð í formi bóta fyrir opinbera þjónustu til fyrirtækja á sviði landflutninga.

3. gr.

Samhæfi og undanþága frá tilkynningaskyldu

Ríkisaðstoð í formi bóta fyrir opinbera þjónustu sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun skal samrýmast innri markaðinum og skal hún vera undanþegin skuldbindingunni um fyrirframtilkynningar sem kveðið er á um í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans að því tilskildu að hún samræmist skilyrðum sáttmálans eða löggjöf Sambandsins um einstakar atvinnugreinar.

4. gr.

Umboð

Fela skal viðkomandi fyrirtæki að starfrækja þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu með einu eða fleiri skjölum sem hvert aðildarríki getur ákveðið með hvaða formi sem er. Þetta skjal eða þessi skjöl skulu einkum innihalda:

a) inntak og lengd skyldnanna um opinbera þjónustu,

b) viðkomandi fyrirtæki og, þar sem við á, yfirráðasvæði,

c) eðli sérstaks réttar eða einkaréttar sem fyrirtækinu hefur verið úthlutað af yfirvaldinu sem veitir aðstoð,

d) lýsingu á fyrirkomulagi bótanna og færibreytunum til að reikna út, hafa eftirlit með og endurskoða bæturnar,

e) fyrirkomulag til að komast hjá og til að innheimta allar ofgreiddar bætur, og

f) vísun í þessa ákvörðun.

5. gr.

Bætur

1. Fjárhæð bótanna skal ekki vera hærri en nauðsynlegt er til að standa straum af hreinum kostnaði sem stofnað er til við að rækja skyldur um opinbera þjónustu, þ.m.t. sanngjarnan hagnað.

2. Hreinan kostnað má reikna sem mismuninn á kostnaði eins og skilgreint er í 3. mgr. og tekjum eins og skilgreint er í 4. mgr. Að öðrum kosti má reikna hann sem mismuninn milli hreins kostnaðar fyrirtækisins sem er starfrækt með skyldunni um opinbera þjónustu og hreins kostnaðar eða hagnaðar sama fyrirtækis sem er starfrækt án skyldunnar um opinbera þjónustu.

3. Kostnaðurinn sem taka ber tillit til skal ná til alls kostnaðar sem stofnað er til við starfrækslu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu. Hann skal reiknaður út á grundvelli almennt viðurkenndra kostnaðarbókhaldsreglna sem hér segir:

a) ef starfsemi viðkomandi fyrirtækis einskorðast við þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu má taka tillit til alls kostnaðar þess,

b) ef fyrirtækið stundar einnig aðra starfsemi en þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu skal aðeins taka tillit til þess kostnaðar sem tengist þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu,

c) kostnaðurinn sem er úthlutað til þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu getur tekið til alls beins kostnaðar sem stofnað er til vegna starfrækslu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og viðeigandi framlags til kostnaðar sem er sameiginlegur þjónustunni sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og annarri starfsemi,

d) taka má tillit til kostnaðarins sem tengist fjárfestingum, einkum varðandi grunnvirki, þegar það er nauðsynlegt vegna starfrækslu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

4. Tekjurnar sem taka ber tillit til verða að minnsta kosti að ná til allra tekna af þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, án tillits til þess hvort tekjurnar séu flokkaðar sem ríkisaðstoð í skilningi 107. gr. sáttmálans. Ef viðkomandi fyrirtæki hefur sérstakan rétt eða einkarétt sem tengist annarri þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og hagnaðurinn af rekstrinum er meiri en sanngjarn má teljast eða ef það nýtur annars ávinnings af hálfu ríkisins skal fyrirtækið taka hann með í tekjum sínum, óháð því hvernig hann er flokkaður í sambandi við 107. gr. sáttmálans. Viðkomandi aðildarríki getur ákveðið að hagnaðurinn, sem aflað er með annarri starfsemi en þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, eigi að renna í heild eða að hluta til fjármögnunar á þjónustunni sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

5. Að því er varðar þessa ákvörðun þýðir „sanngjarn hagnaður“ arðsemi eigin fjár sem væri krafist af dæmigerðu fyrirtæki, að teknu tilliti til þess hvort það veiti þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu allan gildistíma umboðsins eða ekki, með tilliti til áhættu. „Arðsemi eigin fjár“: innri ávöxtun sem fyrirtækið fær af fjárfestingu sinni á gildistíma umboðstímabilsins. Áhættan ræðst af viðkomandi geira, tegund þjónustu og eiginleika bótanna.

